

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
1.3	Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

2.1	Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.
2.3	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
3.2	Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
3.3	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

4. Geymsla á olíu og olíuefnum

4.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.b.
4.2	Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúgildru.
4.3	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir

5. Spilliefni og annar úrgangur

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.		
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.		
5.3	Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.		
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.		
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.		
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.		